

Föstudaginn 5. september 1975.

Nr. 105/1975. **Ákærvaldið**
 gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Dómendur:
 hæstaréttardómaramir Magnús P. Torfason, Einar Arnalds og
 Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. ágúst 1975, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172 gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. ágúst 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 26. ágúst, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara.

Bjarni Leifur Pétursson, Njálsgötu 20, fæddur 15. júní 1958, var hinn 28. maí sl. úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald, en hann hafði verið kærður fyrir rán og játað það brot. Í úrskurðinum var frá því greint, að hann hefði síðan á árinu 1974 alls framið 24 brot (þjófnað, svik, skemmdarverk, árás og áfengislagabrot) og tvisvar sætt gæsluvarðhaldi, síðast dagana 21.—26. maí.

Síðan hafa tvö mál verið höfðuð á hendur Bjarna Leifi fyrir hegningarlagabrot, hið síðara 31. f. m. Sama dag krafðist ríkis-saksóknari dómsrannsóknar út af kæru þeirri um rán, sem frá hefur verið greint.

Þegar litið er til ferils Bjarna Leifs, verður að telja brýna hættu

á, að hann haldi áfram brotum, ef hann verður laus. Hann er sakaður um stórfelld brot, er fangelsisvist liggur við. Þykir samkvæmt 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 verða að framlengja gæsluvarðhaldsvistina og miða lengd varðhaldsins við það, að Bjarni verði eigi leystur úr því, fyrr en lokið hefur verið málum hans. Samkvæmt þessu verður gæslan framlengd um 60 daga.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Bjarna Leifs Péturssonar er framlengd um 60 daga.

Föstudaginn 19. september 1975.

Nr. 106/1975. **Fiskiðjan h/f**

gegn

**Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og
Njarðvíkurhrepps.**

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús P. Toríason.

Kærumál. Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Jón G. Briem, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. ágúst 1975. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður verði ákveðinn kr. 251.966. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fyrir fógetarétti féll varnaraðili frá öllum kröfum sínum í málinu, og andmælti sóknaraðili því ekki, að málið yrði hafið. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 er því eigi til